

Fréttabréf  
Rannsóknastofu í kyennafræðum  
við Háskóla Íslands



2. tölublað, 5. árgangur

nr. 11

September 1996

Dagskrá Rannsóknastofu í kyennafræðum á haustmisseri 1996 hófst þann 29. september með þrem opinberum fyrilestrum og pallborðsumræðum um jafnrétti í háskólum. Fyrilestrarnir voru haldnir í tilefni af norrænni ráðstefnu stjórnenda í háskólum sem var 27. - 29. september í Reykjavík. Lise Christensen, jafnréttisráðgjafi við Háskólan í Oslo sem er nú í tveggja ára leyfi frá störfum til að vinna að rannsóknarverkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar ræddi um stöðu jafnréttismála í norrænum háskólum. Lise nefndi erindi sitt: *Gender equality in Academia? -What is the status and what is done at the universities in the Nordic Countries.* Liisa Husu, jafnréttisfulltrúi í finnska félagsmálaráðuneytinu fjallaði um jafnrétti í akademíu og velti fyrir sér spurningunni hvort jafnrétti væri aðeins fyrir konur. Erindi Liisu bar yfirskriftina: *Gender and Academia - problem only for women?* Toni Benterud, jafnréttisráðgjafi í Háskólanum í Oslo, í fjarveru Lise Christensen, fjallaði um framkvæmdaáætlun Osloarháskóla til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni. Toni nefndi erindi sitt: *Actions against annoying/threatening sexual attention in Academia. The case of the University of Oslo.*

Stjórn stofunnar skipa: Herdís Sveinsdóttir, dósent í hjúkrunarfræði, Rannveig Traustadóttir, lektor í uppedis- og menntunarfræði, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, dósent í mannfræði, Sigríður Lilly Baldursdóttir eðlisfræðingur, Sigríður Þorgeirsdóttir, lektor í heimspeki og Una Björk Ómarsdóttir, lögfræðingur. Varamaður stjórnar er Helga Kress, professor í almennri bókmenntafræði. Rekstur stofunnar annast Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kyennafræðum við Háskóla Íslands  
Umsjón: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Rabbfundir Stofunnar verða þrír að þessu sinni og hefjast fimmudaginn 24. október. Úlfhildur Dagsdóttir sem er að leggja lokahönd á doktorsritgerð sína við Trinity College í Dublin mun kynna nýlega umræðu innan feminismans um afþreytingarmenningu og sérstaklega hrollvekjur. Nefnir hún erindi sitt: *Hrollvek ek: eða er feminismi hrollvekja eða hryllingur.* Aðrir rabbarar haustmisseris verða: Elfa Ýr Gylfadóttir, MA í Communication and Image Studies og Hólmfríður Gunnarsdóttir, BA, MSc.

14. nóvember mun Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir halda opinberan fyrirlestur á vegum stofunnar sem ber yfirskriftina: Hvað segja konur um Krist? Fyrirlestur um kenningarnar um Krist og gagnrýni kvenna. Dagskrá haustmisseris líkur síðan með námskeiði um Internetið frá kvennafræðilegu sjónarhorni, námskeið sem enginn sem áhuga hefur á upplýsingum um kvennafræði á Internetinu ætti að láta framhjá sér fara.

Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum á haustmisseri er birt í heilu lagi hér í fréttabréfinu.

## NÝ STJÓRN RANNSÓKNASTOFU Í KVENNAFRÆÐUM

Ný stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum hefur tekið til starfa. Í fráfarandi stjórn sátu: Guðbjörg Jóhannesdóttir, stud. theolog., Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent í uppeldis- og menntunarfræði, Helga Kress, professor í almennri bókmennatafræði, Kristín Björnsdóttir, dósent í hjúkrunarfræði, Rannveig Traustadóttir, lektor í uppeldis- og menntunarfræði, og Sigríður Th. Erlendsdóttir, stundakennari í sagnfræði.

Á tveggja ára fresti skipar háskólaráð sex manna stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum. Félagsvíssindadeild og heimspekkideild tilnefna einn fulltrúa hvor auk þess sem tveir fulltrúar eru tilnefndir til skiptis af guðfræðideild, lagadeild, raunvíssindadeild, viðskipta- og hagfræðideild og læknadeild (þar með taldar námsbrautir í hjúkrunarfræði og sjúkrapijálfun). Háskólaráð skipar two fulltrúa.

Stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum næstu tvö ár er því eftirfarandi:

Frá háskólaráði:

Rannveig Traustadóttir, lektor í uppeldis- og menntunarfræði

Herdís Sveinsdóttir, dósent í hjúkrunarfræði

frá félagsvíssindadeild:

Sigríður Dúna Krismundsdóttir, dósent í mannfræði  
frá heimspekkideild:

Sigríður Þorgeirs dóttir, lektor í heimspeki  
frá lagadeild:

Una Björk Ómarsdóttir, lögfræðingur

frá raunvíssindadeild:

Sigríður Lilly Baldursdóttir, eðlisfræðingur

Helga Kress, professor í almennri bókmennatafræði er varamaður stjórnar.

## NÁM Í KVENNAFRÆÐUM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Formlegt nám í kvennafræðum við Háskóla Íslands hófst í fyrsta sinn í byrjun september. Um er að ræða 30 eininga þverfaglega aukagrein til BA-prófs. Námið er samstarfsverkefni tveggja deilda; félagsvíssindadeildar og heimspekkideildar og munu deildirnar skiptast á um að hafa umsjón með náminu í tvö ár í senn. Fyrstu tvö árin verður námið staðsett í félagsvíssindadeild og mun Rannveig Traustadóttir, lektor í félagsvíssindadeild hafa umsjón með náminu til að byrja með.

Námið samanstendur af skyldunámskeiðum (10e) og valnámskeiðum (20e). Skyldunámskeiðin eru tvö: Inngangur að kvennafræðum, sem er kennt á vegum félagsvíssindadeildar og Kenningar, sem kennt er á vegum heimspekkideildar. Nemendur taka 20 einingar í valnámskeiðum og geta valið milli þeirra námskeiða í kvennafræðum sem kennit eru hverju sinni við hinan ymsu deildir skólans.

Kennarar í kvennafræðum eru 20 frá félagsvíssindadeild, guðfræðideild og heimspekkideild. Skólaárið 1996 - 1997 geta nemendur valið úr 64 einingum í kvennafræðum til að uppsylla kröfuna um 20 einingar í valnámskeiðum. Kennsla í kvennafræðum fer fram á þrem tungumálum þar sem tvö námskeið eru kennit á ensku og eitt á dönsku. 30

nemendur eru í inngangsnámskeiðinu Inngangur í kvennafræðum haustmisserið 1996.

Eftirfarandi námskeið eru í boði í kvennafræðum skólaárið 1996 - 1997:

- 15.15.01-966 Inngangur að kvennafræðum
- 15.15.02-970 Kenningar
- 01.31.03-970 Kristin siðfræði og kvennagagnrýnin
- 01.72.24-966 Frjálst nám í trúfræði: Hvað segja konur um Krist?
- 05.00.12-896 Miðaldabókmenntir
- 05.00.34-900 Femínískar bókmenntarannsóknir
- 05.00.45-946 Sjálfssævisögur
- 05.42.68-970 Ústirstríðsárin
- 05.60.61-906 Þættir úr kvennasögu
- 05.71.31-970 Karen Blixen
- 10.01.67-946 Internet
- 10.01.47-956 Internet. Aukaverkefni
- 10.01.70-946 Rannsóknir í bókasafns- og upplýsingafræði
- 10.04.40-970 Konur í stjórnmálum
- 10.04.90-940 Kvennafélagsfræði
- 10.40.08-966 Kynferði og fjölmíðlar
- 10.40.09-966 Kynferði og fjölmíðlar: Rannsóknarverkefni
- 10.07.29-966 Mannfræði kynmenningar
- 10.07.48-970 Sjávarbyggðir og kynferði

Eftirtalin námskeið teljast til kvennafræða en eru ekki kennd skólaárið 1996 - 1997:

- 10.03.17-960 Umönnun og kynferði
- 10.03.51-946 Menntun og kynferði
- 10.07.47-960 Líkami og samfélag



## KVENNASÖGUSAFN ÍSLANDS

Kvennasögusafn Íslands var stofnað á fyrsta degi kvennaárs og kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna, 1. janúar 1975. Stofnendur voru Anna Sigurðardóttir og bókasafnsfræðingarnir Else Mia Einarsdóttir og Svanlaug Baldursdóttir. Frá stofnun til dauðadags, 3. janúar 1996, stjórnaði Anna safninu og lagði því til húsnaði á heimili sínu að Hjarðarhaga 26 í Reykjavík. Það er til marks um kjark hennar og bjartsýni að stofna og reka safn sem þetta á sínu eigin heimili með litlum fjárhagslegum stuðningi lengst af. Anna lagði fram ómetanlegan skerf til varðveislu sögu kvenna og rannsókna á henni með sjálfboðaliðastarfí sínu um áratugaskeið. Safnið gaf Anna Þjóðarbókhlöðu en það var frá upphafi ósk hennar að safnið fengi þar inni eftir hennar dag.

Áhugahópur um varðveislu og framgang safnsins var stofnaður 1987 og frá 1989 ráðstafaði hann fjárfamlögum frá menntamálaráðuneyti til Kvennasögusafns Íslands sem ætluð hafa verið til þess meðal annars að skrá safnið og gera það aðgengilegt rannsóknarmönnum. Hópinn skipuðu:

- Gerður G. Óskarsdóttir, form., Rannsóknast. í kvennafræðum H.Í.
- Stefanía M. Pétursdóttir, gjaldkeri, v.form., Kvenfélagasamb. Ísl.
- Erla Jónsdóttir, ritari, Bókvarðafélagi Íslands
- Guðrún Gísladóttir, Kvenréttindafélagi Íslands
- Ingibjörg Árnadóttir, Félagi bókvarða í rannsóknabókasöfnum
- Ragnhildur Blöndal, Félagi bókasafnsfræðinga
- Ásdís Hafstað, fulltrúi Kvennasögusafns.

Starfsmenn hópsins voru bókasafnsfræðingarnir Marta H. Richter og Kristín Björgvinsdóttir. Meginmarkmið hópsins var að búa safnið til flutnings í Þjóðarbókhlöðu og styðja Önnu Sigurðardóttur í að halda því við og efla efniskost þess þar til af þeim flutningi varð vorið 1996. Eftir flutning safnsins í Þjóðarbókhlöðu mun safnið eins og nærrí má geta ekki lengur njóta starfskrafta sjálfboðaliða nema með óbeinum hætti, til dæmis með framlögum efnis. Þess vegna er nú lögð höfuðáhersla á að yfirvöld menningar- og menntamála sjáí til þess að árlega verði sérstök fjárveiting ætluð til Kvennasögusafnsins til þess að standa straum af kostnaði við laun starfsmanns.

Samningur var gerður milli Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns annars vegar og Kvennasögusafns Íslands hins vega í mars 1996. Þar segir meðal annars að Kvennasögusafn Íslands sé sér

eining í Landsbókasafni-Háskólabókasafni undir eigin heit, Kvennasögusafn Íslands. Bókakostur, tímarit og handrit standi með öðrum safnkosti og skal með þau rit farið á sama hátt og samsvarandi gögn Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Úrklippum, sérskrám og nýjustu heftum tímarita sé komið fyrir í sér herbergi fyrir Kvennasögusafnið sem því hefur verið úthlutað á 4. hæð Þjóðarbókhlöðu. Sérstakur starfsmaður beri ábyrgð á daglegri starfsemi safnsins og er hann kostaður af sérstakri fjárveitingu til Kvennasögusafnsins.

Í samningnum er kveðið á um þriggja manna stjórn sem skipuð er til þriggja ára í senn. Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands og Kvenfélagasamband Íslands tilnefna fulltrúa í nefndina en þriðji nefndarmaðurinn er fulltrúi stjórnar Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Stjórnina skipa: Sigríður Th. Erlendsdóttir, Stefánia M. Pétursdóttir og Erna Sverrisdóttir. Starfsmaður Kvennasögusafnsins hefur verið ráðinn, Erla Hulda Halldórsdóttir, sagnfræðingur, og er hún jafnframt ritari stjórnarinnar. Hóf hún störf hinn 1. september síðastliðinn. Ekki reyndist unnt að ráða Erlu Huldu lengur en fram að áramótum en stjórn safnsins telur afar brýnt að ráða hana áfram í fullt starf sem forstöðumann safnsins.

Stjórn safnsins hefur hafist handa um að reyna að tryggja fjárveitingu til safnsins. Hefur hún gengið á fund menntamálaráðherra og skrifað öllum konum á Alþingi, fjárlaganefnd og gengið á fund hennar og fleiri og yfirleitt reynt að beita sér eins og frekast er unnt. Leggur stjórnin höfuðáherslu á að koma starfseminninn á fjárlög. Hins vegar verður leitað eftir stuðningi hjá stofunum og fleiri aðilum.

Ákvæðið hefur verið að opna safnið við háríðlega athöfn á afmælisdegi Önnu Sigurðardóttur, hinn 5. desember næstkomandi. Komið verður fyrir sýningu á 2. hæð í tengslum við opnun safnsins til að leggja enn frekari áherslu á mikilvægi þess.

Sigríður Th. Erlendsdóttir

## FRØ OG FRUKTER

**21. - 23. nóvember 1996 í Oslo**

Það fer hver að verða síðastur að skrá sig á Norrænu kvennafræði ráðstefnuna Frø og frukter!

Norræna ráðstefnan um kvennafræði, Frø og frukter er samvinnuverkefni NIKK (Nordisk institutt for kvinne- og kjönnsforskning) og Foreningen Nora. Ráðstefnan er þverfagleg og óvenju yfirgripsmikil. Ráðstefnunni er ætlað að skoða: "Hverju höfum við áorkað, hvað viljum við, hvers söknum við og hvert er ferðinni heitið?"

Yfir 100 fyrirlestrar og erindi verða flutt á ráðstefnunni og síðla sumars höfðu þegar rúmlega 300 skráð sig frá öllum Norðurlöndunum. Erindunum er skipt upp í fjölda þemahópa s.s.: kvennabókmennir, fjölmíðlar, kvennasaga, konur og tungumál, tónlist, konur og trú, menningarlegur margbreytileiki Norðurlanda, konur og velferðarríkið, fjölskyldur og kynferði, kvennréttindahreyfingin, kvennaréttur, konur og heilsa, konur í akademíu, karlarannsóknir og svo mætti lengi telja.

Sjö fyrirlesarar frá Íslandi munu flytja erindi á ráðstefnunni, það eru: Helga Kress, Herdís Sveinsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Auður Eir Vilhjálmssdóttir, Guðrún M. Ólafsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Rannveig Traustadóttir.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er hægt að fá á skrifstofu Rannsóknastofu í kvennafræðum í síma 525 4595, tölvufang: fem@rhi.hi.is og hjá Cathrine Tømte, Nordisk institutt for kvinne- og kjönnsforskning, Universitetet í Oslo, P O Box 1156 Blindern, N-0317 Oslo, Norge. Sími +47 22 85 87 14, fax +47 22 85 89 50 og tölvufang: cathrine.tomte@nikk.uio.no. Upplýsingar um ráðstefnuna er einnig að finna á alnetinu, netfangið er:

<http://www.org.uio.no/www-other/nikk/Instituttet/FroFruktr.html>

## DAGSKRÁ HAUSTMISSERIS 1996

### Rabb um rannsóknir og kvennafræði

**Fimmtudaginn 24. október 1996 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda**  
 Úlfhildur Dagsdóttir í doktorsnámi við Trinity College Dublin. *Hrollvek ek: eða er feminismi hrollvekja eða hryllingur.*

**Fimmtudaginn 7. nóvember 1996 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda**  
 Elfa Ýr Gylfadóttir, MA í Communication and Image Studies. "Horft í spegil" *Kven- og karlmyndir í fjölmöldum.*

**Fimmtudaginn 21. nóvember 1996 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda**  
 Hólmfríður Gunnarsdóttir, BA, MSc. *Dánarmein og krabbameinsmynstur mismunandi starfshópa kvenna. Mótar starfið lífshætti sem skipta sköpum?*

### Opinber fyrirlestur

**Fimmtudaginn 14. nóvember 1996 kl. 17.15 í stofu 101 í Odda**  
 Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir. *Hvað segja konur um Krist? Fyrirlestur um kenningarnar um Krist og gagnrýni kvenna.*

### Námskeið

**Laugardaginn 30. nóvember 1996 kl. 10.00 - 16.00**  
 Námskeið um Internetið út frá kvennafræðilegu sjónarhorni í samvinnu við Endurmenntunarstofnun. Kennari: Dr. Anne Clyde, professor í bókasafns- og upplýsingafræði.  
 Upplýsingar á skrifstofu Rannsóknastofu í kvennafræðum og hjá Endurmenntunarstofnun. Nánar auglyst síðar.

## NÝJAR BÆKUR

### Bókmenntir og kynferði á Norðurlöndum

Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan hafa gefið út ritið *Litteratur og kjønn i Norden* undir ritstjórn Helgu Kress, prófessors í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Ritið er í stóru broti, 755 bls. að stærð og fylgir því starleg nafnaskrá. Í því eru 87 erindi eftir jafnmarga höfunda sem flutt voru á 20. þungi International Association for Scandinavian Studies (IASS, Alþjóðasamtaka um norræn fræði) en það var haldið í Reykjavík sumarið 1994. Skrifa höfundar á norsku, dönsku og sánsku, auk ensku og þýsku.

Greinar í ritinu fjalla um bókmenntir og kynferði frá ýmsum sjónarhólum og er þeim raðað í 11 hluta eftir tímabilum og bókmenntategundum. Bókin gefur áhugamönnum um bókmenntir gott yfirlit yfir strauma og stefnur í nýrri bókmenntaumræðu. Er bókin hin vandaðasta að allri gerð og prýðir kápu hennar ljósmynd af verki Ásmundar Sveinssonar, "Jónsmessunótt". Sigrún Sigvaldadóttir hannaði kápu.

Bókin er til sölu í Bóksölu stúdenta við Hringbraut og í Bókabúð Máls og menningar. Dreifingu annast Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan í sameiningu. Áskrifendur Fréttabréfsins geta fengið ritið á forlagsverði á skrifstofu Rannsóknastofu í kvennafræðum. Upplag er mjög takmarkað.

### Stúlka, Ljóð eftir íslenskar konur 1876 - 1995.

Petta er sýnisbók ljóða eftir íslenskar konur frá því fyrsta ljóðabók eftir konu kom út á Íslandi, Stúlka eftir Júlíönu Jónsdóttur. Helga Kress sér um útgáfuna. Í bókinni er ítarlegur inngangur um ljóðagerð íslenskra kvenna eftir Helgu Kress, ásamt skáldkvennatali þar sem getið er um allar konur sem gefið hafa út ljóðabók á Íslandi og bækur þeirra. Bókin er 11. ritið í ritröðinni Íslensk rit sem Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands gefur út í samvinnu við bókaforlagið Skerpu. Hún er 400 blaðsíður að stærð. Áætlaður útgáfutími er 20. nóvember.

**Fyrir dyrum fóstru. Greinar um íslenskar fornþókmenntir.**

Þetta eru 7 greinar um íslenskar fornþókmenntir eftir Helgu Kress sem hafa birst í tímaritum og bókum á árunum 1977 - 1996. Fjalla þær allar á einhvern hátt um samband kynferðis, karveldis og karnivals.

Háskólaútgáfan gefur bókina út. Áætlaður útgáfutími hennar er 20. nóvember.

**NORA. Nordic Journal of Women's Studies**

Nóra er norrænt tímarit sem gefið er út á ensku til að kynna norrænar kvennarannsóknir í hinum enskumælandi heimi. Nóra er ritrýnt tímarit og er gefið út fjórum sinnum á ári.

Fyrsta tölublað, fjórða árgangs Nóru er komið út. Í því eru eftirtaldar greinar:

Pirjo Ahokas: "Maxine Hong Kingston's The Woman Warrior: constructing a female Chinese-American subjectivity".

Ann Nilsen: "Stories of life - Stories of living: women's narratives and feminist biography".

Ann Scott Sørensen: "A Picturesque Travelogue: Mary Wollstonecraft's "Letters Written during a short Residence in Sweden, Norway, and Denmark", 1796".

Marja Keränen: "Reconstructing social spaces: the rhetoric of the public/provate split".

Ellen Mortensen: "Butches and nomads: the dynamic imperative in feminist theory".

Fride Eeg-Henriksen: "Fride's corner".

Auk framangreindra greina er bókmenntagagnrýni á eftirtöldum bókum: Tuula Gordon, *Single Women: On the Margins?* London: Macmillan, 1994.

Anne Hellum, ritsstj., *Birth Law*. Oslo: Scandinavian University Press, 1993.

Rosi Braidotti, *Normadic Subjects: Embodiment and Sexual Difference in Contemporary Feminist Theory*. New York: Columbia University Press, 1994.

Anne Kovalainen, *At the Margins of the Economy: Women's Self-Employment in Finland 1966 - 1990*. Turku: Publications of the Turku School of Economics and Business Administration, 1993.

Gisela Bock og Pat Thane, ritsstj., *Maternity and Gender Policies. Women and the Rise of the European Welfare States, 1880s - 1950s*. Routledge: London and New York, 1991.

Lesley Johnson, *The Modern Girl: Girlhood and Growing Up*. Buckingham and Philadelphia: Open University Press, 1993.

Harriet Bjerrum Nielsen og Monica Rudberg, *Psychological Gender and Modernity*. Oslo, Copenhagen, Stockholm: Scandinavian University Press, 1994.

**NORRÆN RÁÐSTEFNA Í REYKJAVÍK 17. - 18. APRÍL 1997**

**KONUR, VINNA OG EFNAHAGSMÁL**

Dagana 17. - 18. apríl 1997 býður Norræna ráðherranefndin til ráðstefnu um konur, vinnu og efnahagsmál í Reykjavík. Ráðstefnan er liður í samstarfsáætlun Norðurlanda um jafnréttismál og er að hluta framhald norræna jafnlaunaverkefnisins.

Efnahagsleg völ og áhrif kvenna og karla er eitt meginviðfangsefni norrænu samstarfsáætlunarinnar. Virk þátttaka á vinnumarkaðinum hefur til þessa verið talin meginforsenda áhrifa og valda.

Það er löngu kunn staðreynd að staða kvenna og karla á vinnumarkaði er ekki sú sama. Vinnumarkaðurinn er kynskiptur og konur og karlar uppskera ekki það sama. Með þessari ráðstefnu vill ráðherranefndin leggja sitt af mörkum til umræðunnar um stöðu kvenna á síbreytilegum vinnumarkaði og möguleika þeirra til efnahagslegra áhrifa og valda. Rétturinn til vinnu og réttlátra launa annars vega og styrkurinn sem felst í margbreyleika kvenna sem eru á vinnumarkaði eru tvö megin þemu ráðstefnunnar. Stefnt er að því að dagskrá ráðstefnunnar verði tilbúin í lok nóvember og að skráning fari fram í janúar/febrúar. Nánari upplýsingar veitir Stefánía Traustadóttir, Skrifstofu Jafnréttismála, tölvupóst: stefania.jara@treknet.is, sími: 552 7420 og fax: 562 7424.

### Wise. Women's International Studies Europe.

WISE, samtök kvennafræðinga í Evrópu voru formlega stofnuð árið 1990. Tilgangur samtakanna er m.a. að efla rannsóknir, kennslu og útgáfustarfsemi í kvennafræðum í Evrópu. Wise gefur út fréttabréf, safnar saman og dreisir upplýsingum, skipuleggur námskeið og gefur út tímaritið *The European Journal of Women's Studies*. Samtökin eru staðsett í Utrecht í Hollandi. Allir þeir sem áhuga hafa á kvennafræðum geta orðið meðlimir í WISE. Félagsgjald fyrir einstaklinga er 29 ensk pund og 88 ensk pund fyrir stofnanir. Innifalið er fréttabréf WISE og tímaritið *The European Journal of Women's Studies*.

Til að fá frekari upplýsingar eða gerast félagi í WISE er best af hafa samband við alþjóðaskrifstofu WISE:

WISE International Secretariat  
Heidelberglaan 2, 3584 CS Utrecht, Netherlands

Sími: 31 30 2531881

Fax: 31 30 2531619

Tölvufang: STEEN@FSW.RUU.NL

### NORRÆNAR OG ALÞJÓÐLEGA RÁÐSTEFNUR

**1996**

**8. - 10. október í Búddapest, Ungverjalandi.** *10th International Conference of Women Engineers and Scientists towards the Third Millennium: the Role of Intellectual Potential in a New World.* Upplýsingar: ICWES 10, Ms Zsuzsa Pinter, Scientific society of Measurment and Automation (MATE), H-1055 Budapest, Kodduth Lajos tér 6 - 8, Hungary, sími: +36 1 132 9571 og fax: +36 1 153 1406.

**16. - 19. október Frankfurt/Main, Þýskalandi.** *Gendered Perspectives: Re-Visions of Early Modern Europe.* Upplýsingar: Zentrum zur Forschung der Frühen Neuzeit, J.W. Goethe Universität Kettenhofweg 135 60054 Frankfurt am Main, Germany, sími: +49 69 79 82 32 82 og fax: +49 69 79 74 70 22.

**10. - 15. nóvember í Brighton, Bretlandi.** *Violence, Abuse & Women's Citizenship.* Upplýsingar: Violence, Abuse & Women's Citizenship Conference, PO Box MT7, Leeds, LS17 5XJ, UK, sími: 01274 385 234, fax: 01274 385 370 og tölvufang: vagrru@bradford.ac.uk.

**15. - 17. nóvember í Åbo, Finnlandi.** *Födsel och föräldraskap som kulturell konstruktion.* Upplýsingar: Lena Marander-Eklund, Åbo Akademi, Religionsvetenskapliga och folkloristiska institutionen, FIN-20500 Åbo, sími +358 21 265 4464, fax +358 21 265 4902 og tölvufang lmarande@abo.fi.

**18. - 19. nóvember í Skjetten, Noregi.** *HUN - en konferanse om kvinnelige ressurser i bygde- og næringsutvikling.* Upplýsingar: Gjertrud Sæter, Institutt for økonomi og samfunnsvitenskap, PB 5033, N-1432 ÅS-NLH, sími: +47 64 94 86 48, fax: +47 64 94 86 55.

**21. - 23. nóvember í Oslo, Noregi.** *Frø og Frukter - Norræn ráðstefna um kvennarannsóknir.* Ráðstefnan er þverfagleg og óvenju yfirgrípsmikil. Ráðstefnunni er ætlað að skoða **hverju höfum við áorkað, hvað viljum við, hvers söknum við og hvert er ferðinni heitið?** Nánari upplýsingar er hægt að fá á Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands og hjá Cathrine Tømte, Nordisk institutt for kvinne- og kjönnforskning, Universitetet í Oslo, P O Box 1156 Blindern, N-0317 Oslo, Norge. Sími +47 22 85 87 14, fax +47 22 85 89 50 og tölvufang: cathrine.tomte@nikk.uio.no.

**29. nóvember - 1. desember, Limerick, Írlandi.** *SOCRATES thematic network in Women's Studies.* Upplýsingar í síma +31 30 2536013, faxi +31 30 2536695 og tölvufang: rosi.braido@let.ruu.nl eða christine.rammarath@let.ruu.nl.

**1997**

**21. - 23. mars, Thessaloniki, Grikklandi.** *The Third International Conference organised by The Hellenic Association of American Studies (HELAAS).* Upplýsingar: Prof. Ekaterini Georgoudaki, School of

English Faculty of Philosophy, Aristotle University, 540 06 Thessaloniki, Greece, sími: +30 31 997451 og fax: +3031 997432.

**17. - 18. apríl í Reykjavík, Íslandi. Konur, vinna og efnahagsmál.**

Norræn ráðstefna. Rétturinn til vinnu og réttlátra launa annars vegar og styrkurinn sem felst í margbreytileika kvenna sem eru á vinnumarkaðinum eru tvö megin þemu ráðstefnunnar. Stefnt er að því að dagskrá ráðstefnunnar verði tilbúin í lok nóvember og skráning fari fram í janúar/febrúar. Sjá auglýsingu annars staðar í fréttabréfinu. Nánari upplýsingar veitir Stefanía Traustadóttir, Skrifstofu jafnréttismála, sími: 552 7420, 562 7424 og tölvupóstur: stefania.jara@treknet.is.

**20. - 25. maí í Kalmar, Svíþjóð. Kvinnor i Norden.** 1997.

Upplýsingar: Kvinnor i Norden c/o Kalmar Kolmunn, box 611, 39126 Kalmar, Sverige, sími +46 48 08 30 00 og fax +46 48 08 31 22.

**24.- 27. maí í Bonn, Þýskalandi. Women, Work and**

*Computerization. Spinning a Web from Past to Future.* Upplýsingar: IFIP-WWC97 c/o Doris Koehler, Computer Center of the Hamburg University, Schlueterstr. 70, D-20146 Hamburg, Germany. Fax: +49 40 4123 6270 og tölvufang: IFIP-WWC97@rrz.uni-hamburg.de.

**16. - 22. júní Kristjánssandi, Noregi. Konferanse om nordiske**

*kvinners litteratur.* Upplýsingar: Unni Langås, Institutt for nordisk og mediefag, Høgskolen i Agder, Elvegt 52 - 4604 Kristiansand, sími: +47 38 14 15 99 og fax: +47 38 14 10 51.

**21. - 24. júní í Tromsø, Noregi. Second Circumpolar Women's**

*Conference.* Ráðstefnan fylgir í kjölfar ráðstefnanna 1st Northern Women - Northern Lives í Fairbanks í Alaska 1994 og 4th Women's Conference í Peking. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Rannsóknastofu í kvennafræðum síma: 525 4595 og tölvufang: fem@rhi.hi.is og Marit Stemland eða Øydis PunsvikOlsen síma: 47 75 77 92 08/ 47 77 64 64 01 og tölvuf.: LivToril.Pettersen@kun.nl.no og Oydis.punsvik@adm.uit.no

**8. - 12. júlí í Coimbra, Portúgal. The Third European Feminist**

*Research Conference.* Upplýsingar: Virginia Ferreira, Universidade de

Coimbra, Faculdade de Economia, Av.Dias da Silva, 165, P-3000 Coimbra, Portugal. Fax 351 39 403511.

**25. - 28. júlí í Ohio, USA. The Style Conference.** Upplýsingar:

Laura Stemple Mumford, sími: +1 608 238 3612, tölvufang: lsmumford@aol.com eða Ellen E. Berry, sími: +1 419 372 2620, tölvufang: eberry@bgsu.edu.

**1997 Haifa í Ísrael. Voices of Women: The Years After 2000.** Þessi

ráðstefna er í undirbúningi. Meðal þess sem rætt verður er: Konur og fjölskyldan, konur og alþjóðleg viðskipti, konur í/og stjórnunarstöðum/r, konur og menntun. Upplýsingar: Annika Andrea Thelin, sími 08 - 723 32 23, fax 08 - 24 44 20.

**1998**

**14. - 16. maí í Reykjavík, Íslandi. International Conference on Women's health: Occupation, Cancer & Reproduction. New Perspectives in Occupational Epidemiology.** Upplýsingar: Women's Health: Occupation, Cancer & Reptoduction, Ferðaskrifstofa Íslands, ITB-Congrex, Skógarhlíð 18, 101 Reykjavík, sími: 562 3300, fax: 562 5895 og tölvufang: Congrex@itb.is.

**14. - 18. júlí, Sydney, Ástralíu. Winds of Change - Women &**

*University.* Upplýsingar: Dinah Cohen, Equal Opportunity Unit, University of Technology, Sydney. Sími: +61 2 330 2148, fax: +61 2 330 1883 og tölvufang: Dinah.Cohen@uts.edu.au

**1999**

**Júní í Tromsø, Noregi. The 7th International Interdisciplinary Congress on Women.** Þessar ráðstefnur hafa verið haldnar þriðja hvert ár víða um heim síðan 1981. Markmið þeirra er að kalla saman fólk frá ólíkum sviðum og svæðum til að deila reynslu, innsýn og rannsóknum og ræða málefni sem eru mikilvæg konum um allan heim. Ráðstefnurnar eru vettvangur þar sem þátttakendur frá iðnríkjunum og 3. heiminum geta skipst á upplýsingum, skoðunum og reynslu og komið á fót langtíma samstarfi á sviðum eins og umhverfismálum, atvinnu, mannréttindum, heilsu, frið, menntun og stjórnmálum.

---

Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum kemur út tvívar til þrisvar á vetrí. Áskriftargjald, sem er aðeins 500 krónur á ári, hefur ekki innheimst vel. Við vonum að úr því rætist þannig að þeir sem vilja vera á póstlista stofunnar greiði árgjaldið sem fyrst fyrir árið 1996 (einnig er hægt að greiða tvö ár í einu). Greiðsluna má senda í pósti (ávísanir skulu stílaðar á Rannsóknastofu í kvennafræðum) eða inna af hendi þegar þið eigið leið hjá stofunni.

---

Vegna starfsmannaskipta verður  
Rannsóknastofa í kvennafræðum opin  
þriðjudaga og föstudaga í október.



---

Rannsóknastofa í kvennafræðum  
Sumarhöll  
Háskóli Íslands  
101 Reykjavík

Sími 525 4595  
Símbréf 552 8801  
Tölvupóstur: fem@rhi.hi.is

---